

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Sent með tölvupósti á birgir@ry.is

Reykjavík, 14. maí 2021.

Efni: Athugasemdir við skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga – Vatnsvernd í Landsveit.

Til MAGNA Lögmannna ehf. hafa leitað Elín Sigríður Óladóttir, kt. 090959-2719, Heimir Heimisson, kt. 101160-5649 og Ásgeir Kristján Ólafsson, kt. 250162-5619 („**umbjóðendur mínir**“) og falið undirrituðum lögmanni að setja fram athugasemdir þessar. Athugasemdirnar varða þann hluta skipulagslýsingarinnar sem lýtur að vatnsvernd í Landsveit.

I.

Eins og umbjóðendur mínir skilja lýsinguna lýtur hún ekki að breytingu á stærð vatnsverndarsvæðisins heldur breytingu á mörkum grann- og fjarsvæðis þess. Núverandi afmörkun grann- og fjarsvæðis vatnsverndarsvæðisins byggir á nýlegum rannsóknum á grunnvatnsstraumum í Landsveit, meðal annars ferilefnarannsóknum. Í þessum efnum má benda á minnisblað Jónasar Ketilssonar 13. febrúar 2017 sem var lagt fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. Í minnisblaðinu voru niðurstöður rannsókna tekna saman og tekið fram að grannsvæði þyrfti „að endurskilgreina og færa mun norðar af Botnaveitu“.

Með hliðsjón af aðdraganda núverandi afmörkunar á grann- og fjarsvæðum vatnsverndarsvæðisins gera umbjóðendur ráð fyrir að veigamiklar ástæður og/eða rannsóknir liggi að baki fyrirhugaðri breytingu. Hins vegar verður að takmörkuðu leyti ráðið af skipulagslýsingunni hvaða ástæður liggja að baki breytingunni og að hvaða skipulagsmarkmiðum sveitarfélagið stefnir með henni. Að mati umbjóðenda minna er nauðsynlegt að sveitarfélagið geri grein fyrir þessum atriðum og rökstyðji að breytingin sé réttlætanagerleg með hliðsjón af vatnsverndarsjónarmiðum, svo sem með hliðsjón af álitum sérfræðinga á sviðinu. Einnig mætti gera betur grein fyrir öðrum atriðum, svo sem áætlaðri stærð svæðisins sem fer úr því að vera grannsvæði í að vera fjarsvæði og hver verði áætluð fjarlægð fjarsvæðisins frá vatnsbólum sveitarfélagsins.

II.

Umbjóðandi minn Elín sendi fyrirspurn á sveitarfélagið í tengslum við fyrirhugaða breytingu og með hliðsjón af svari sveitarfélagsins virðist ekki liggja fyrir hvert sé nákvæmt inntak fyrirhugaðra breytinga og að beðið sé eftir svörum rannsóknaraðila varðandi það atriði. Þá verður ekki ráðið af svarinu hvert sé markmið breytingarinnar þrátt fyrir að sérstaklega hafi verið spurt um það atriði nema þá hugsanlega að núverandi afmörkun sé íþyngjandi fyrir hagsmunaaðila á svæðinu. Loks voru ekki veitt afdráttarlaus svör varðandi hvort breytingin hefði áhrif á stærð fjarsvæðisins, einkum með tilliti til þess hvort jarðirnar Leynir 1 og 2 yrðu áfram á fjarsvæði vatnsverndar.

Umbjóðendur mínir benda á að íþyngjandi eðli þeirra kvaða sem leiða af afmörkun grannsvæðis í aðalskipulagi geta ekki réttlætt fyrirhugaða breytingu nema annað og meira komi til. Umbjóðendur mínir gera sér grein fyrir að skipulagslýsing er ákveðið upphafsstig í meðferð skipulagsáætlunar. Hins vegar verður að gera ákveðnar kröfur um að forsendur breytinganna og nákvæmt inntak þeirra liggi fyrir á þessu stigi málsins. Að öðrum kosti er erfitt fyrir hagsmunaaðila að nýta sér andmælarétt sinn og koma með fullnægjandi athugasemdir við áformaðar breytingar. Loks er skýrlega tekið fram í lýsingunni að stærð vatnsverndarsvæðisins muni ekki breytast og er ljóst að lýsinguna þarf að auglýsa að nýju ef ætlunin er að breyta stærð svæðisins.

Með vísan til alls framangreinds gera umbjóðendur mínir athugasemdir við framsetningu og lýsingu á fyrirhugaðri breytingu í skipulagslýsingunni og vona að tekið verði tillit til þessara athugasemda við frekari vinnslu breytingarinnar.

Virðingarfyllst,
Aníta Auðunsdóttir
Kt. 160688-3789
MAGNA
L Ö G M E N N

f.h. Bjarka Þórs Sveinssonar hrl.

Aníta Auðunsdóttir lögfræðingur